

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 148/1955. Ákærvaldið

gegn

Fróða Kristni Ellerup og
Jóhönnu Kristínu Sigurjónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um að fella dómssátt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Kærða, Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, bauðst hinn 14. apríl 1955 fyrir sakadómi Reykjavíkur til þess að greiða sekt fyrir það, að hún hinn 1. s. m. ók bifreiðinni R 6334 um götur Reykjavíkur, án þess að hún hefði ökuréttindi. Fulltrúi sakadómara, Stefán Guðjohnsen, heimfærði brot hennar undir 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og gerði henni með dómssátt að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánast skyldi 4 daga varðhaldi, ef hún greiddist eigi.

Á sama dómþingi bauðst kærði, Fróði Kristinn Ellerup, að greiða sekt fyrir það, að hann hefði afhent kærðu, Jóhönnu, nefnda bifreið til aksturs, þótt hann vissi, að hún hefði eigi ökuréttindi. Fulltrúi sakadómara heimfærði brot hans undir 1. mgr. 22. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og gerði honum að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara að sæta 4 daga varðhaldi.

Með bréfi 3. október 1955 hefur Dómsmálaráðuneytið með skírskotun til 8. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun héraðsdómara um að lúka máli hinna kærðu með dómssátt. Segir í bréfi Dómsmálaráðuneytisins, „að mál nefnds Fróða Kristins og Jóhönnu Kristínar hefðu átt að ganga til dóms“ og að málalokin verði „að teljast fjarstæð, eftir að upplýst er, að hún hefur eftir hvatningum hans vísvitandi borið rangt fyrir dómi.“

Það er í ljós leitt í máli þessu, að kærða, Jóhanna Kristín, ók hinn 1. apríl 1955 bifreiðinni R 6334, án þess að hún

hefði ökuréttindi, og að kærði, Fróði Kristinn, afhenti henni bifreiðina til þess aksturs. Dómssátt sú, sem héraðsdómari gerði við hin kærðu fyrir þessi brot, verður eigi talin fjarstæð, og fær það eigi breytt þessari niðurstöðu, þótt ákærvaldið telji nú, að hin kærðu hafi drýgt fleiri brot, sem standi í sambandi við brot þau, sem dómssáttin tók yfir. Verður krafa Dómsmálaráðuneytisins því eigi tekin til greina.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Fróði Kristinn Ellerup, og kærða, Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, undirgengust fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 14. apríl 1955, er eigi úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Reykjavíkur 14. apríl 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 14. apríl kl. 14.10, var sakadómur Reykjavíkur settur í skrifstofu sakadómara og haldinn af fulltrúa hans, Stefáni Guðjohnsen, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Rannsókn í tilefni af kæru um brot gegn bifreiðalögum.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1, svo hljóðandi: ± ±

I. fyrir dómi er mættur kærði Fróði Kristinn Ellerup, nemi, Flóka-götu 37, f. 17/2 1935, Seyðisfirði.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann vissi, að Jóhanna hafði ekki ökuréttindi.

Hann samþykkir að greiða kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 22. gr. 1. mgr. bifreiðalaga.

Sektin greiðist fyrir 22. apríl, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 4 daga.

Málskostnaður, kr. 2.00, greiðist strax.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

II. Fyrir dómi er mætt kærða Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, hágr.dama, Höfðaborg 43, f. 31/5 1935, Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Kærða játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hún samþykkir að greiða kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs til að

sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 20. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Sektin greiðist fyrir 1. maí 1955, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 4 daga.

Málskostnaður, kr. 2.00, greiðist strax.

Framangreint brot hefur itrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Föstudaginn 21. október 1955.

Nr. 141/1955. Ásmundur Guðmundsson
 gegn
 Geirþrúði Bjarnadóttur,
 Benedikt Gíslasyni,
 Jóni Kjartanssyni,
 dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar
 og Jóni Steingrímssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með kæru 23. f. m., sem hingað barst 3. þ. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 11. f. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljunum Geirþrúði Bjarnadóttur, Benedikt Gíslasyni, Jóni Kjartanssyni og dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar. Gerir sóknaraðili *aðallega* þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju, en *til vara*, að greindum úrskurði verði breytt þannig, að héraðsdómaranum, Jóni Steingrímssyni